

Námsáætlun í stærðfræði

Kennarar: Eygló Hilmarsdóttir, Jenný Björk Olsen og Jóhanna Reynisdóttir

Traust undirstaða í stærðfræði er grundvöllur fyrir allt nám tengt náttúru- og raunvísindum. Stærðfræðikennsla í grunnskóla þarf að stuðla að því að nemendur tileinki sér það viðhorf að ná góðum tökum á stærðfræði og hæfni í að setja fram og leysa þrautir. Einnig þurfa nemendur að öðlast hæfni í að nota stærðfræðileg hugtök og tungumál stærðfræðinnar til að ræða og færa fram rök fyrir tilgátum, útreikningum og niðurstöðum. Nemendur þurfa að tileinka sér hæfni í að nýta stærðfræði sem tæki til að leysa viðfangsefni og greina hvaða aðferðir henta best hverju sinni. Nemendur þurfa að þróa með sér jákvætt viðhorf til stærðfræði og hafa trú á eigin getu. Nemendur þurfa að finna að stærðfræði sé skynsamleg og nytsamleg í daglegu lífi.

Haust - viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsmat	Vor - viðfangsefni	Hæfniviðmið	Námsefni	Námsmat
Ágúst - september - Hnitakerfið - Tölur stærri en þúsund og minni en núll	Lesi af hnitakerfi og staðsetja punkta (myndir) og lesi hnit punkta í hnitakerfi. Samlagning þriggja og fjögurra stafa talna. Einfaldur reikningur í samlagningu og frádrætti með negatífum tölum. Námundun að næsta hundraði og þúsundi.	Símat Kannanir	Janúar - febrúar - Margföldun og deiling - Samhverfa og mynstur - Ummál flatarmál	Spegilsamhverfa, hliðrun, snúningur. Stærð horna, einkum 90°, 180°, 270° og 360°. Mæla vegalengdir, umhverfismyndir eða hluti þ.e.a.s ummál. Mæla stærð flata þ.e.a.s finna flatarmálið. Margföldurnartöflurnar 1x - 10x. Margföldun og deiling í verkefnum úr daglegu lífi.	Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat Kannanir
September - október - Hnitakerfið - Tölur stærri en þúsund og minni en núll - Samlagning og frádráttur	Lesi af hnitakerfi og staðsetja punkta (myndir) og lesi hnit. Samlagning þriggja og fjögurra stafa talna. Uppsett dæmi. Einfaldur reikningur í samlagningu og frádrætti með negatífum tölum. Námundun að næsta hundraði og þúsundi. Stærðfræði tengd kaupum og sölu. Hugareikningur í samlagningu og frádrætti. Orðadæmi úr daglegu lífi.	Símat Kannanir	Febrúar - mars - Margföldun og deiling - Mælingar og tugabrot	Margföldurnartöflurnar 1x - 10x. Margföldun og deiling í verkefnum úr daglegu lífi. Lengdar, þyngdar og rúmmáls einingar. Læra að breyta einni einingu í aðra t.d. desílítra í lítra og lítrum í desílítra, grömmum í kíló og kílóum í grömm, millimetrum í sentimetra og sentimetrum í millimetra.	Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat Kannanir

Október - nóvember - Samlagning og frádráttur - Tími - klukka	Samlagning þriggja og fjögurra stafa talna. Uppsett dæmi. Einfaldur reikningur í samlagningu og frádrætti með negatífum tölum. Námundun að næsta hundraði og þúsundi. Stærðfræði tengd kaupum og sölu. Hugareikningur í samlagningu og frádrætti. Orðadæmi úr daglegu lífi. Notkun tímamæling og tímasetninga í daglegu lífi. Að lesa af klukku bæði stafrænni og klukkuskífu. Finna mismun milli tímasetninga og að reikna tímasetningar í klukkustundum og mínútum.	Símat Kannanir	Mars - apríl - Mælingar og tugabrot - Almenn brot	Lengdar, þyngdar og rúmmáls einingar. Læra að breyta einni einingu í aðra t.d. desílítra í lítra og lítrum í desílítra, grömmum í kíló og kílóum í grömm, millimetrum í sentimetra og sentimetrum í millimetra. Almenn brot sem hluti af heild og heildin getur ýmist verið safn, lengd eða mynd. Geti raðað almennum brotum eftir stærð og þekki hugtökin teljari og nefnari.	Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat Kannanir
Nóvember - desember - Tími - klukka - Margföldun og deiling. - Samhverfa og mynstur	Notkun tímamælinga og tímasetninga í daglegu lífi. Lesa af klukku bæði stafrænni og klukkuskífu. Finna mismun milli tímasetninga og að reikna tímasetningar í klukkustundum og mínútum. Margföldun og deiling í daglegu lífi. Margföldunartöflurnar 1x - 10x. Tengsl margföldunar og deilingar. Deiling sem jöfn skipting og sem endurtekinn frádráttur. Spegilsamhverfa, hliðrun, snúningur. Stærð horna, einkum 90°, 180°, 270° og 360°	Símat Kannanir	Apríl - maí - Reikningur - Tölfræði	Samlagning og frádráttur með fjögurra stafa tölum, bæði í huganum og með skriflegum útreikningum. Einingar, tugir, hundruð og þúsund. Þekki gildi tölustafs eftir sætum. Námundun, einfalda tölu. Talnamynstur. Margföldun og deiling í daglegu lífi. Margföldunartöflurnar 1x - 10x. Safna upplýsingum og skrá þær í töflu. Lesa úr töflum og súluritum.	Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat Kannanir

			Maí - júní • Reikningur • Tölfræði	Samlagning og frádráttur með fjögurra stafa tölum, bæði í huganum og með skriflegum útreikningum. Einingar, tugir, hundruð og þúsund. Þekki gildi tölustafs eftir sætum. Námundun, einfalda tölu. Talnamynstur. Margföldun og deiling í daglegu lífi. Margföldurnartölurnar 1x - 10x. Safna upplýsingum og skrá þær í töflu. Lesa úr töflum og súluritum.	Sproti 4a og 4b nemendabók og æfingahefti. Ýmis aukahefti.	Símat Kannanir